

Fundargerð

Nefndarfundur Fjallskilaneftndar Reykhólahrepps haldinn 11. ágúst 2019, kl. 17:00.

Mætt voru Árný Huld Haraldsdóttir, Vilberg Þráinsson, Hjalti Helgason, Styrmir Sæmundsson og Bergur Þrastarson. Árný ritaði fundargerð og er hún 1 blaðsíða.

Dagskrá:

1. Fjallskilaseðill
Fjallskilaseðillinn lagður fram – samþykktur samhljóða

Leitardagar í Reykhólahreppi eru eftirfarandi:

Svæði 1 Kleifar og Brekkúá að Mávadalsá og Vatnadal: 21. september

Svæði 2– 6 og 8 Frá Mávadalsá og Vatnadal í Gilsfirði að Hjallaá í Þorskafirði: 14. september

Svæði 7 Borgarland og Hafrafell: 7. September

Svæði 9 Reykjanes utan Þjóðveggar við Kinnarstaði: 13. September

Svæði 10 Hjallaá út Hallsteinsnes að Djúpadal: 15. September

Svæði 11 – 14 Djúidalur að Skálanesi: 14. September

Svæði 15 – 16 Kálfadalur, Eyri, Klettur, Seljaland og Fjarðarhorn: 7. September

Svæði 17 Þorskafjarðarheiði og norðan Reiphólsfjalla: frá og með 30. Ágúst og eftir því sem veður leyfir.

Svæði 18 Múlasveit: 2.-6. September.

Seinni leit allra svæða er 28. September.

2. Leitardagar næsta árs

Fjallskilaneftnd leggur til að fyrri leitir á svæðum 1-6, 8 og 11-14 verði annan laugardag í september og seinni leitir tveimur vikum síðar. Önnur svæði séu leituð í samræmi við það.

Miðast það við að forsendur séu þær sömu og í ár.

Nefndin muni koma saman í apríl á næsta ári og þá muni dagsetningar liggja fyrir og auglýstar. Greinilegt að ekki sé nóg að setja aðeins inn fundargerð á vef Reykhólahrepps að loknum fundi.

3. Réttir í Reykhólahreppi

Fjallskilaneftnd óskaði eftir að starfsmenn sveitarfélagsins mundu sjá um viðhald á réttum Reykhólahrepps yfir sumartímann. Ekki hefur nefndin né réttarstjórar orðið varir við þá vinnu. Nefndin vill ítreka að þetta verði gert tímanlega og felur sveitarstjóra að koma þessu verki í gang. Þeir sem sjá um verkið skuli hafa samband við réttarstjóra og/eða fjallskilaneftnd varðandi hvað þurfi að gera og til að fá aðstoð við viðhald.

Fundi slitið kl. 18:30

*Árný Huld Haraldsdóttir
formaður Fjallskilaneftndar Reykhólahrepps*
